

Náttúrufræðistofnun Íslands
Urriðaholtsstræti 6-8
210 Garðabær

Reykjavík, 16. júní 2023
UST202305-282/P.V.B.
09.05.01

Efni: Faraleyfi Sursey vísindaleiðangur 2023

Umhverfisstofnun hefur mótttekið umsókn Náttúrufræðistofnun Íslands, dagsett 15. maí 2023, um faraleyfi til Suretseyjar.

Sursey er friðlýst sem friðland sbr. [auglýsing nr. 50/2006](#), með breytingum sbr. [auglýsing nr. 468/2011](#). Óheimilt er að fara í land í Surtsey nema með leyfi Umhverfisstofnunar. Heimilt er að veita leyfi til ferða út í Surtsey til rannsókna og verkefna sem tengjast þeim, eða til kvikmyndatöku og/eða ljósmyndunar vegna gerðar fræðsluefnis með sérstaka skírskotun til Surtseyjar eða rannsókna þar.

Lýsing verkefnis:

Sótt er um leyfi fyrir tvo leiðangra til Surtseyjar á tímabilinu 14.-20 júlí 2023. Fyrri leiðangurinn yrði farin 14. -17. júlí 2023. Í honum yrði áherslan á að mynda eyjuna með dróna og mæla fastmerki, vinna fínhæðarmælingar, mæla yfirborðsjarðhita í eygni og hita í borholum, og vinna þrívíddarmælingar í hellum. Leiðangursmenn yrðu 9 auk landvarðar. Seinni leiðangurinn færi fram 17.-20. júlí 2023. Í honum yrðu unnar uppskerumælingar á fastreitum, fylgst verður með afdrifum sjaldgæfra plantna og nýjum landnemunum, söfnun gróðursýna af skarfíflum, smádýrum safnað, fuglar skráðir og taldir og umfang fuglavarps kortlagt, fuglaskít verður safnað til að kanna frædreifingu með fuglum, viðhald veðurstöðvar og vefmyndavélar og gerðar mælingar á virkni jarðvegs og gróðurs í vöktunarreitum. Leiðangursmenn yrðu 7 auk landvarðar. Leitað verður til Landhelgisgæslunnar um flutning leiðangursfólks með þylu til og frá eygni og einnig til Björgunarfélags Vestmannaeyja um flutning með báti ef nauðsyn krefur. Þann 17. júlí verða hópaskipti í eygni og mun Björgunarfélag Vestmannaeyja sjá um flutning á mannskap og búnaði til og frá eygni. Starfsmaður Veðurstofunar mun þó ekki bætast í hópinn fyrr en 18. eða 19. júlí 2023 en verður samferða vistfræðihópnum úr eyjunni.

Áhrifamat:

Umhverfisstofnun metur verkefni ekki líklegt til að hafa neikvæð áhrif á verndargildi svæðisins sé farið eftir skilyrðum leyfisins. Á þetta einkum við þar sem jarðfræðileiðangurinn fer til eyjarinnar á undan vistfræðingunum að þá er mikilvægt að þeir gæti þess að raska ekki varpi fugla eða rannsóknarreitum.

Skilyrði:

Umhverfisstofnun veitir Náttúrufræðistofnun Íslands fyrir sitt leyti faraleyfi fyrir árlegum vísindaleiðangri til Surtseyjar sbr. lýsingu hér að ofan 14. -20. júlí 2023 að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- Leyfið gildir eingöngu fyrir þá aðila sem tilgreindir eru í umsókn umsækjanda.
 - Jarðfræðihópur: 14. – 17. júlí
 - Birgir Vilhelm Óskarsson, NÍ – leiðangursstjóri jarðfræðinga (með Kristjáni Jónassyni), kortlagning eyjunnar með dróna
 - Guðmundur Valsson, LMÍ – kortlagning eyjunnar með dróna, GPS mælingar á fastmerkjum
 - Halldór Geirsson, HÍ – hæðarprófill með fínhæðarmælingum
 - Erik Sturkell, HÍ – mælingar á aflögun
 - Kristján Jónasson, NÍ – mælingar á yfirborðsjarðhita
 - María Helga Guðmundsdóttir, NÍ – mælingar á yfirborðsjarðhita
 - Guðni Gunnarsson, Hellarannsóknafélagið – kortlagning hella með lidarmælingum
 - Jón Atli Magnússon, Hellarannsóknafélagið – kortlagning hella með lidarmælingum
 - Steffen Leth Jørgensen, Universitetet i Bergen – mælingar í borholum
 - Vistfræðihópur: 17. – 20. júlí
 - Olga Kolbrún Vilmundardóttir, NÍ – leiðangursstjóri vistfræðinga, uppskerumælingar á föstum mælireitum, hreiðurtalningar við fasta mælireiti
 - Svenja N.V. Auhage, NÍ – kortlagning á máfavarpi, viðkoma og varp annarra tegunda
 - Matthías S. Alfreðsson, NÍ – landnám smádýra
 - Pawel Wasowicz, NÍ – landnám plantna og stofnmat plöntutegunda
 - Andy J. Green, Estación Biológica Donana á Spáni – landnám plantna með hjálp fugla; söfnun fuglaskíts
 - Bjarni Diðrik Sigurðsson, LbhÍ – reglubundnar mælingar á vistkerfisvirkni í föstum rannsóknareitum
 - Hákon Haldórsson, Veðurstofan – viðhald veðurstöðvar og vefmyndavélar
- Hafa skal þetta bréf með í för á meðan verkefninu stendur og kynna fyrir þáttakendum í leiðangrinum þau skilyrði sem fylgja leyfinu, áður lagt er af stað til eyjarinnar.
- **Tilkynna skal til starfsmanns Umhverfisstofnunar á svæðinu hvenær brottför er til Surtseyjar með að minnsta kosti tveggja sólahringa fyrirvara.**
- Umhverfisstofnun skal tilkynnt um öll frávik við áður útgefna verkefnalýsingu og eins ef breyting verður á tímasetningu verkefnis eins fljótt og auðið er.
- Virða skal þær umgengnisreglur sem gilda um svæðið.
- Leiðangursmenn skulu gæta þess að hreinsa allan fatnað og farangur áður en lagt er af stað til að tryggja að engar lífverur, plöntuhlutar og jarðvegur berist til Surtseyjar til að tryggja að landnám og þróun lífs eigi sér stað án tilstuðlan mannsins. Er það á ábyrgð leiðangursstjóra að tryggja að allir leiðangursmenn viti af þessu og sjái til þess að það sé gert.

- Ef í ljós kemur að hreinsun fatnaðar og/eða búnaðar er ábótavant getur eftirlitsmaður farið fram á að búnaður sé skilinn eftir, frestað för þar til úrbætur hafa farið fram eða farið fram á að fararleyfi viðkomandi sé afturkallað.
- Gæta verður þess að ganga vel um viðkvæma náttúru Surtseyjar þar sem bannað er að trufla dýralíf, raska jarðminjum og skerða gróður.
- Halda skal umferð um mávabyggðir í lágmarki. Sérstaklega skal gæta þess að styggja ekki ófleyga ungfugla. Einnig skal gæta þess að styggja ekki þá seli sem mögulega kunna að dvelja í fjörum á norðanverðri eyggi.
- Gæta verður þess að allur farangur verði tekin til baka sem og allur sá úrgangur sem til fellur á meðan dvalið er í Surtsey.
- Ekkert drykkjarvatn er í eygunni og verða leiðangursmenn að flytja það með sér. Þá er þar engin salernisaðstaða.
- Á meðan dvalið er í eygunni ber leiðangursmönnum að hlíta fyrir mælum starfsmanns friðlandsins.
- Sýnataka í Surtsey er eingöngu fyrir þau verkefni sem talin eru upp í verkefnalýsingu og óheimilt er að afhenda þriðja aðila sýnin í gróðaskyni.
- Ef drónaflugið hefur truflandi áhrif á fugla- og/eða dýralífið skal því hætt samstundis.
- Flugtíma skal haldið í lágmarki.
- Stjórnandi/eigandi hins ómannaða loftfars ber ábyrgð á loftfarinu á svæðinu, að það skaði ekki fólk, dýralíf, eða náttúruna og það skilji ekki eftir sig varanleg ummerki á neinn hátt. Ekki skal skilja eftir hluta loftfarsins á svæðinu heldur finna og endurheimta loftfarið og alla hluta þess ef það brotlendir eða bilar.
- Þess skal gætt við drónaflug í námunda við varpsvæði að halda eins mikilli fjarlægð frá varpsvæðum og mögulegt er.
- Umhverfisstofnun mælist til þess að taka skuli á loft og lenda ómönnuðu loftfari í öruggri fjarlægð frá varpsvæðum fugla.

Ef framkvæmdaraðili veldur náttúruspjöllum með framkvæmd í skilningi 87. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd getur Umhverfisstofnun t.d. lagt fyrir framkvæmdaraðila að afmá jarðrask og lagfæra gróðurskemmdir eða stöðvað framkvæmdir sbr. nánar XV. kafla laganna.

Ef umhverfisaðstæður á svæðinu breytast getur Umhverfisstofnun skv. 2. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd breytt skilyrðum leyfis, bætt inn nýjum skilyrðum eða afturkallað leyfið til að koma í veg fyrir verulegt, ófyrirséð tjón á náttúru Íslands.

Að öðru leyti skal haga flugi ómannaðra loftfari í samræmi við reglugerð nr. 990/2017, um starfrækslu fjarstýrðra loftfara.

Umhverfisstofnun bendir á að dróna sem notaðir eru í atvinnuskyni þarf að skrá sérstaklega hjá Samgöngustofu.

Leyfi Náttúrufræðistofnunar Íslands þarf ef flytja á sýni úr landi.

Umhverfisstofnun óskar eftir því að fá afrit af niðurstöðum ofangreindrar rannsóknar án endurgjalds.

Sé skilyrðum leyfis ekki fullnægt getur Umhverfisstofnun afturkallað leyfið skv. 1. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Starfsmenn friðlandsins verða í för með báðum hópum. Með jarðfræðileiðangrinum verður Valdimar Krisjánsson og Ragnheiður Björk Sigurðardóttir verðu í för með vistfræðileiðangrinum.

Leiðbeiningar um hreinsun fatnaðar og búnaðar er að finna í fylgiskjali með bréfi þessu.

Virðingarfyllst

Ragnheiður Björk Sigurðardóttir
svæðissérfræðingur

Þórdís Vilhelmína Bragadóttir
sérfræðingur